

Fundarboð á samráðsfund um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs býður ykkur að senda einn fulltrúa ykkar til samráðsfundar um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði. Tilgangur fundarins er að efna til samræðu um meginatriði um aðgengi og samgöngur í þjóðgarðinum. Starfshópur með fulltrúum hagsmunaaðila mun í kjölfarið fá niðurstöður fundarins og vinna úr þeim tillögur til stjórnar.

Þeim sem skilgreindir hafa verið sem hagsmunaaðilar í þessu sambandi er boðið til þessa fundar, en yfirlit yfir þá hefur verið kynnt á vef þjóðgarðsins og var haldinn kynningarfundur þann 13. apríl á hans vegum um tilhögun samráðsins, þar sem hagsmunaaðilagreiningin og samráðsferlið var kynnt. Nánari upplýsingar um hagsmunaaðilagreininguna og samráðsferlið er að finna á vef Vatnajökulspjóðgarðs www.vjp.is

Fundartími: Samráðsfundurinn verður haldinn **3. maí næstkomandi frá kl. 10:30 til 15:00**

Fundarstaður: Nauthóll við Nauthólsvík, Nauthólsvegi 106, 101 Reykjavík.

Vinsamlegast staðfestu þátttöku í síðasta lagi föstudaginn 29. apríl á netfangið sogv@vjp.is. Ef þú kemst ekki sjálf(ur) væri gott að fá nafn þeirrar/þess sem kemur í þinn stað.

Það er von þjóðgarðsins að fundurinn verði árangursríkur og fram komi öll helstu sjónarmið sem varða samgöngur í þjóðgarðinum. Ef spurningar vakna um fundinn eða samráðsferlið bið ég þig um að hafa samband við mig.

F.h. stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs

Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri